

## GJALDSKRÁ

### fyrir holræsagjald í Breiðdalshreppi.

#### 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign í Breiðdalshreppi eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

#### 2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,20% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila almanaksári eftir að bygging er fókheld.

#### 4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

#### 5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

#### 6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Breiðdalshrepps. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi		Grunngjald, kr.	m <sup>3</sup> -gjald, kr.	Athugasemdir
A	Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	30.000	20	m <sup>3</sup> -gjald reiknast af m <sup>3</sup> umfram 400. Hámarksgjald er kr. 200.000
B	Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	40.000	20	m <sup>3</sup> -gjald reiknast af m <sup>3</sup> umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um fráveitur í Breiðdalshreppi nr. 347/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla

vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshepps þann 10. febrúar 2005, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, til að taka gildi við birtingu.

*Breiðdalsvík, 26. apríl 2005.*

**Sigfríður Þorsteinsdóttir** sveitarstjóri.